



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð

31. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu að Borg þann 7. júlí 2025 klukkan 17:00.

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Bryndís Eðvarðsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Þorkell Þorkelsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Óttar Guðlaugsson, heilsu- og tómstundarfulltrúi

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Bryndís Edda Eðvarðsdóttir

1) 17. Júní. Farið yfir hvernig dagurinn gekk

Óttar kynnti hugmyndir sem betur mætti fara á næsta ári. Sjá skjal á Teams

- Mætti vera betra skipulag varðandi dagskrá og fleiri valmöguleika – sjá auglýsingar frá öðrum sveitarfélögum
- Hlutir sem þarf að gera daginn áður.
 - Fá bílinn/sviðið daginn áður til að hægt sé að gera prufu á hljóðkerfi
 - Þarf að gera tröppur fyrir sviðið
 - Setja borða fyrir aftan sviðið
- Unglingavinnan þarf að hafa skýrari verkefni – Verkplan
 - Þarf að kynna þetta fyrir krökkunum einhverju áður en dagurinn er.
- Gönguleið fjallkonunnar – Hafa það á hreinu
- Sólheimaskátarnir – meiri fyrirvara með að fá þá í gönguna
- Athuga með skátana og hvort þeir gætu verið með brennu eða eitthvað annað.
- Skoða hvort gangan byrji við félagsheimilið og endi þar. Eins hvort unglingavinnan geti séð um tónlist og að leiða gönguna
- Hugmynd um að hafa til sölu blöðrur, nammi handa krökkunum
- Hafa blakleik aftur á næsta ári og skora á félagasamtök, sveitastjórn að spila. Vantaði tónlist og meira stuð

Allir nefndarmenn sammála um að kaffi kvenfélagskvenna hafi verið mjög vel heppnað og vilji til að halda því áfram næsta ár.



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

2) Borg í Sveit/Grímsævintýri

Markaðurinn í félagsheimili Borg haldið 23. Ágúst 2025

- a) Óttar aðstoðar nefndina með skipulagningu fram að sumarfí, 18. Júlí. Eftir það tekur annar við – til dæmis Steinar og Halldór
- b) Fimm borð bókuð nú þegar, 4 stór og 1 lítið. Skráning fer í gegnum Sportabler (erum með 15 stór og 20 lítil til leigu)
 - i) Verð fyrir stórt borð er 5.500,- og lítið borð 4.500 – ákveðið var á síðasta fundi að hafa sama verð og fyrra ár
- c) Sportabler leggur kostnað á þá sem greiða með greiðsluseðli, hefur verið kvartað yfir því. Rætt um hvernig hægt sé að kynna þetta betur fyrir leigjendum.
- d) Skráningu á borðum lýkur 18. ágúst.
- e) Fyrirspurn komin frá Villikaninum um að fá borð til styrkar féluginu. Nefndin mun taka ákvörðun um það í byrjun ágúst. Ef borð eru laus þá mun það verða gert – Formaður mun taka þetta að sér eins ef fleiri munu óska eftir styrk.
- f) Gott verður að stýra umferð öðru megin í salnum, skýrar reglur
- g) Athuga með að hafa tónlist í salnum – Óttar ætlar að athuga með það
- h) Anna er búin að senda tölvupóst á þá aðila sem tóku þátt í fyrra og athuga hvort þau vilji vera með í ár
- i) Búið að auglýsa markaðinn í Hvatablaðinu. Verður auglýst á vefsíðu sveitarfélagsins. Kvenfélagið auglýsir á sinni heimasíðu. Félagsmenn deila auglýsingu ef þeir geta.
- j) Tombólan verður í íþróttahúsinu, kvenfélagið sér um það
- k) Leita tilboða á gistingu, tjaldsvæði, frítt í sund frá 22 – 24. ágúst. Fá Línu Björg byggðarþróunarfulltrúa uppsveita til að aðstoða með það – þetta er í vinnslu
- l) Skilti, vegvísar á atburðina – Athuga hver getur gert þetta, Unglingavinnan eða Sólheimar – er í vinnslu
- m) Skoða hvort Hvöt geti gert ratleik – er í vinnslu
- n) Netfang markaðarins grimsaevintyri@gmail.com – Anna deilir aðgangi með Þorkeli og Bryndísi – Allir munu aðstoða við að svara fyrirspurnum
 - i) 07 – 26 júlí Anna vaktar
 - ii) 21. Júlí – 03 ágúst Bryndís vaktar
 - iii) 04 – 17 ágúst Þorkell vaktar
 - iv) 18 – 23 ágúst Anna vaktar
- o) Nefndin mætir fyrr þann 23. ágúst til að aðstoða við uppröðun og skipulag fyrir borðhafa.
- p) Nefndin þarf að benda borðhöfum á að vera klár með greiðslufyrirkomulag og önnur góð ráð – sjá skjal á Teams

3) 24. Ágúst – fagna því að vegur kringum Þingvöll sé allur malbikaður

- a) Rætt um að tengja þessa atburði saman



Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

4) Önnur verkefni atvinnu og menningarmálanefndar á árinu

Ekki tími í önnur verkefni fyrr en í september til desember. Auglýsa eftir aðilum í sveitarfélaginu sem eru að gera menningartengda hluti og gera það í samstarfi við fleiri, t.d. bókasafnið. Auglýst verður í ágúst/september Hvatarblaði.

5) Fundartímar nefndarinnar fram að 23. júní.

Næsti fundur 19. ágúst 2025, kl. 17:00

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18:45.